



Grettisgata 71 – fyrirspurn


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. mars 2023 var lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Ingvarssonar og Guðrúnar Eddu Andradóttur, dags. 23. janúar 2023, um að setja svalir á rishæð á norðurhlíð hússins á lóð nr. 71 við Grettisgötu, samkvæmt uppdráttum Ólafar Flygering, dags. 23. janúar 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 13. mars 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Útgefið mæliblað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Grettisgötu 71 borgarhluta 2 Miðbæ og er hluti af íbúðarsvæði ÍB 11 Grettisgata.


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 30. apríl 2002 ásamt síðari breytingum.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind *Hverfisvernd innan Hringbrautar*. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna. Í því felst m.a. breytingar á ytra útliti bygginga og lóða.


Umsögn

Húsið á lóð nr. 71 við Grettisgötu er steinsteypt fjórþýli, byggt árið 1931 skv. fasteignaskrá. Það er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 1 mgr. 30. gr. en þar segir að eigendum húsa sem byggð voru árið 1940 eða fyrr er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands hyggist þeir breyta þeim, flytja þau eða rífa. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á svölum á norðurhlíð hússins, þeirri hlið sem snýr frá götu.

Í deiliskipulaginu kemur fram að heimilt sé „að byggja léttu útbygginu og/eða svalir innan byggingarreits og má samanlögð lengd þeirra á hverri hæð vera allt að 40% lengdar húshliðar, sem snýr að garði“. Skv. deiliskipulaginu nær byggingarreiturinn 2 metra frá húsvegg á norðurhlíð Grettisgötu 71, húshliðin er 10 metrar og mega því svalir vera 4 metrar að breidd. Á tillögu má sjá að gert er ráð fyrir sambærilegum svölum og núþegar eru á 2. og 3. hæð, þ.e. eins metra djúpar og 4 metra breiðar. Þær samræmast heimildum í deiliskipulagi. Með erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar sem gerir ekki athugasemdir við svalir rishæðar, enda muni þær ekki sjást frá götu. Því eru ekki gerðar athugasemdir við erindið.



útlit norðurhlíðar - mkv. 1:100



sneiðing - mkv. 1:100

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri